

## Aðalfundur Smalahundafélags Íslands Haldinn að Mósakógum Árnassýslu þann 30. okt. 2004

Þorvarður formaður setti fundinn og bað Kristján Inga Jónsson að stjórna fundi það var samþykkt.

Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar
3. Kosningar
4. Önnur mál

Þorvarður Ingimarsson flutti skýrslu stjórnar. Kristján Mikkaelsson skýrði reikninga félagsins. Eggert Kjartansson spurði eftir styrk sem átti að greiða til þeirra sem héldu landsmót, hann er ógreiddur s.l. 2 ár.

Kosningar: Þorvarður Ingimarsson gefur ekki kost á sér sem formaður áfram. Hilmar Sturluson kosinn formaður.

Önnur mál: Gunnar Einarsson kynnti keppnisreglur sem hann hafur þýtt og gerði það að tillögu sinni að SFÍ félagar lesi þetta vel, vinni eftir þessu og svo verði þetta samþykkt sem keppnisreglur á næsta aðalfundi. Eggert þakkaði Gunnari fyrir þetta þýðingarmikla starf. Reglurnar ræddar og samþykktar sem keppnisreglur SFÍ nú þegar, en verði endurskoðaðar á næsta aðalfundi.



Kristbjörn Steinarsson kom með tillögu um að breyta þeim lið í lögum félagsins að ekki verði kosið um hvert embætti stjórnar heldur skipti stjórn með sér verkum ár hvert. Kristján M. var á móti því. Eggert ræddi um heimasíðuna og það sem þar þyrfti að bæta. Málin rædd niðurstaðan var sú að ákveðin var “ritsjórn” sem í eru Gunnar Einarsson, Eggert Kjartansson, Gunnar Guðmundsson, Unnur Ólafsdóttir, Kristján Mikkaelsson og Hilmar Sturluson.

Þóra Sif Kópsdóttir kom með tillögu um að félagið gerði kynningarblað sem hægt væri að dreifa á fundum sauðfjárbænda.

Hvuttadagar umræður um hvort félagið eigi að taka þátt í þeim, Þóra Sif Kópsdóttir tók að sér að athuga með það.

Landsmót 2005: ákveðið að halda það á Eyrarlandi 29. og 30. október 2005

Fundi slitið  
Unnur Ólafsdóttir ritari.

